

Stuðningsfirlýsing við þingsályktunartillögu Pírata

Guðbjörg R. Jóhannesdóttir, aðjúnkt við listkennsludeild og hönnunar-og arkitektúrdeild Listaháskóla Íslands og nýdoktor við Heimspekistofnun Háskóla Íslands

4. apríl 2017

143. mál: Húsnæði Listaháskóla Íslands

Ég styð þingsályktunartillögu Pírata um húsnæði Listaháskóla Íslands. Í starfi mínu sem kennari við tvær deildir Listaháskólans sem eru hýstar í sitthvorri byggingunni finn ég vel hversu gríðarlega aðkallandi það er að allar deildir skólans komist undir sama þak. Fyrir utan það hversu mikill tími fer í það að ferðast á milli bygginga, bæði hjá þeim starfsmönnum sem starfa við fleiri en eina deild, og hjá öllum öðrum starfsmönnum og nemendum sem þurfa að fara reglulega á milli bygginga til að sækja fundi eða kennslustundir/verkstæðisþjónustu, tel ég ekki síður mikilvægt að þingmenn og ráðherrar geri sér grein fyrir þeim skaða sem íslenskt fræðasamfélag og þar með samfélag okkar í heildina verður fyrir vegna húsnæðismála Listaháskólans. Við Listaháskólann starfa kennarar og rannsakendur á fræðasviði lista, en skólinn er eini háskóli landsins sem starfar á því sviði. Það að mismunandi deildir skólans hafi ekki tækifæri til að mynda þau tengsl sem skapast við það að starfa í sama rými hefur mikil áhrif á möguleika til þverfaglegs samstarfs og samtals á milli sviða. Það er gríðarlega mikilvægt fyrir þróun rannsóknarstarfs í skólanum að slíkt samtal geti átt sér stað, bæði starfsfólk og ekki síður meistaranemendur skólans sem vinna nú að þróun íslenskra list-og hönnunarrannsókna kalla því ákaft eftir því að starfsemin öll komist undir eitt þak. Það er kominn tími til að sú grunnstoð samfélagsins sem fræðasvið lista er fái þann stuðning sem hún þarf til að vaxa og dafna.